



RÝMING SKÓLA EF ELDUR VERÐUR LAUS

- Í hverri stofu á að hanga uppi blað með upplýsingum um flóttaleiðir og söfnunarstaði. Að hausti á að kynna þær öllum nemendum sem nota stofuna
- Alltaf á að taka mark á brunaviðvörðunarkerfi, bregðast við hringingu og hefja undirbúning rýmingar skólans. Hætta má við ef viðvörðunarringing hættir fljótlega
- Ef eldur verður laus í skólanum gefur brunaviðvörðunarkerfi hættumerki.
- Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri eða húsvörður fara að stjórnöflu brunaviðvörðunarkerfis og aðgæta hvaðan brunaboðið kemur
- Húsvörður, ritari og/eða skólastjórnendur staðfesta hættumerkið með því að hringja skólaljöllu og/eða hringa í allar stofur. Þeir hringja í 112 og tilkynna um eld
- Ritari og/eða skólastjórnendur taka bekkjarlista, forfallabók og síma með út
- Skólaliðar og aðrir sem staddir eru á göngum opna útgönguleiðir
- Í öllum stofum eiga að vera plasthlífar sem nemendur eiga að fara í á fætur (nema þeir séu í inniskóm), nemendur eiga ekki að fara í skó á leiðinni út
- Ef yfirgefa þarf stofu sér kennari um að nemendur fari skipulega í röð. Það er gott að biðja nemendur að leiðast, sérstaklega yngri nemendur. Kennarar eiga að sjá um eins og unnt er að allir haldi ró sinni
- Kennari tekur með sér nemendalista, fer síðastur úr stofu og lokar hurð á eftir sér
- Þurfi að fara í gegn um reyk á að skríða með gólfi og gott er að hafa blauta tusku/flík fyrir vitum
- Ef eldur lokar útgönguleið A úr stofu þá skal kennari halda nemendum í stofu sinni og bíða fyrirmæla. Kennari gætir þess vel að gluggar og dyr séu lokaðar og þéttir hurð með því að leggja blauta flík á gólfið við hurðina
- Skólaliðar og húsvörður fara síðastir úr húsi og loka útihurðum og hurðum á göngum.
- Þegar komið er út úr skólanum fara nemendur og kennarar á fyrirfram ákveðinn söfnunarstað. Kennari tekur manntal og tilkynnir yfirstjórn (þ.e. skólastjóra eða slökkviliðstjóra) ef einhverja vantar og þá hverja – og jafnframt hvar síðast hafi orðið vart við þá. Kennari og nemendur bíða á sínum stað þar til fyrirmæli koma um annað frá yfirstjórn. Nemendum á að koma í hús, íþróttahús skólans eða Framheimili svo fljótt sem unnt er.

Rýmingaræfing skal haldin tvisvar sinnum á hverju skólaári, í byrjun skólaárs og í janúar.



RÝMING SKÓLA EF ELDUR VERÐUR LAUS

Söfnunarsvæði A:

1. bekkir: Á leikvelli við körfur, Álftamýrarmegin
2. bekkir: Á leikvelli við körfur, Álftamýrarmegin
3. bekkir: Á leikvelli við kastalann
4. bekkir: Á leikvelli við kastalann
5. bekkir: Á eystri fótboltavelli, nær íþróttahúsinu
6. bekkir: Á eystri fótboltavelli, nær íþróttahúsinu
7. bekkir: Á vestari fótboltavelli, nær Álftamýri
8. bekkir: Framan við íþróttahús
9. bekkir: Framan við íþróttahús
10. bekkir: Sunnan við íþróttahús, við sparkvöllinn

Söfnunarsvæði B:

Allir nemendur safnast saman sunnan við íþróttahús og koma í raðir. 1. bekkur verður næst íþróttahúsi Álftamýrarskóla og síðan raðast árgangar eftir aldri, 10. bekkur fjærst íþróttahúsi skólans.

Kennari tekur manntal og tilkynnir yfirstjórn (þ.e. skólastjóra eða slökkviliðstjóra) ef einhverja vantar og þá hverja - og jafnframt hvar síðast hafi orðið vart við þá
Kennari og nemendur bíða á sínum stað þar til fyrirmæli koma um annað frá yfirstjórn. Nemendum á að koma í hús; íþróttahúsið eða Framheimili svo fljótt sem unnt er.